

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 401/1990.

Plastmótun hf.

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Árna Möller,

Guðmundi Baldurssyni,

Guðmundi Ingvarssyni,

Jóni Hólmi Stefánssyni og

Þorsteini Gunnarssyni

persónulega og f.h. Austurveitu

(Ingólfur Hjartarson hrl.)

Verksamningur. Dagsektir. Skuldajöfnuður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. október 1990. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmdir in solidum til þess að greiða sér 5.682.861 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 23. febrúar 1989 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði verulega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Málavöxtum er ýtarlega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Með skírskotun til raka héraðsdómara ber að staðfesta niðurstöðu hans um sýknu stefndu Árna Möller, Guðmundar Baldurssonar, Guðmundar Ingvarssonar, Jóns Hólmi Stefánssonar og Þorsteins Gunnarssonar persónulega af kröfum áfrýjanda.

Fyrir Hæstarétti sundurliðar áfrýjandi kröfu sína svo:

1.	Samtals vegna verksamnings	kr.	6.462.253
2.	Vegna Pípna sf.	kr.	1.979.065
3.	25% söluskattur	<u>kr.</u>	<u>2.110.329</u>
	Heildarkrafa	kr.	10.551.647

Greitt af stefnda	<u>kr. 4.868.786</u>
Mismunur alls	<u>kr. 5.682.861</u>

Um 1. kröfulið og greiðslur stefnda er ekki ágreiningur með aðilum, en stefndi andmælir kröfuliðum 2 og 3, eins og í héraðsdómi greinir. Með vísan til forsendna héraðsdómara ber að staðfesta niðurstöðu hans um þessa kröfuliði. Telst áfrýjandi eiga kröfu á hendur stefnda Austurveitu sem nemur 1. og 2. kröfulið ásamt sölu-skatti af samanlagðri fjárhæð þeirra.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi greinir, hefur stefndi Austurveita gert kröfu til skuldajafnaðar vegna kröfu sinnar á hendur áfrýjanda um dagsektir. Ákvæði um dagsektir er í lok 2. gr. verksamnings aðila og hljóðar svo:

„Dagsektir reiknast 1% af samningsupphæð fyrir hvern almanaksdag sem skilafrestur verksins dregst fram yfir lokadag, sem ákveðinn er 1. okt. 1988.“

Fyrirsvarsmenn stefnda Austurveitu önnuðust sjálfir samskipti við áfrýjanda varðandi verkframkvæmdir, en starfsstöð hans er í nágrenni veitusvæðisins. Telja verður í ljós leitt, að þeim hafi verið kunnugt um þær verulegu tafir, sem urðu á afhendingu hráefnis frá útlöndum, og að þær stöfuðu af erfiðleikum í útvegum hráefnis, sem ekki var unnt að sjá fyrir. Tímasetningar verksamnings voru miðaðar við, að þar til greindar dagsetningar á afhendingu hráefnis í skip erlendis stæðust.

Aðilar verksamningsins komu saman á fyrsta verkfund sinn 5. október 1988, og var þar ekkert bókað um tafir á verkinu, en nýrri áætlun um verktíma fyrir verkþátt Pípna sf. var framvísað. Í henni segir m.a.: „Miðað við að suða á restinni af rörunum gangi eins og á þeim sem komin eru, tekur verkið 16 til 17 daga. Þeir þættir sem helst geta tafið verkið eru veður og skortur á efni.“ Um lokatíma segir þar: „Ef allt gengur að óskum ætti að vera hægt að ljúka verkinu á u.þ.b. 22 dögum.“ Á þessum fyrsta verkfundi aðila var einnig bókað um efnisútvegum, að reiknað sé með, að PE-efnið komi fljótlega til landsins, en síðan segir: „Afgangurinn af PP-efninu fór frá Saudi-Arabíu í dag og verður væntanlega sett í skip í „Norðursjáv-arhöfn“ 18. okt., eða í síðasta lagi 25. okt. nk. Til viðbótar er reikn-

að með 7-8 dögum til landsins.“ Annar verkfundur aðila var haldinn 8. nóvember, og voru enn gerðar skilmerkilegar bókanir, þar sem m.a. koma fram skýringar á töfum á verkinu. Þar var einnig bókað, að rætt hefði verið um dagsektarmál, og sagt, að þau verði rædd frekar í tengslum við nýja verkáætlun. Þriðji verkfundur aðila var haldinn 13. nóvember, og var enn lögð fram ný verkáætlun, sem miðaðist við nýjan lokadag um áramót. Enn fremur var bókað: „Ýmislegt rætt um dagsektir, orsakir fyrir töfum o.fl. því tengt. Í meginatriðum sama umræða og var á síðasta verkfundi.“

Fjórði verkfundur aðila var haldinn 16. janúar 1989. Þar kom fram, að verkþætti áfrýjanda væri lokið í reynd og að búið væri að framleiða öll plaströr, sem pöntuð hefðu verið. Þar var enn rætt um nýja verkáætlun fyrir samstarfsaðila áfrýjanda, Pípur sf., en engar bókanir gerðar um dagsektir. Aðilar hittust aftur á fundi 20. janúar, og voru þar engar bókanir gerðar um dagsektir. Forsvarsmaður Pípna sf. lýsti þar væntanlegum verkframkvæmdum af sinni hálfu. Vegna veðurs var ógerlegt að vinna að verkinu um veturinn frá byrjun febrúar 1989, og hófst vinna á ný ekki fyrr en 19. maí 1989. Lítt var unnið þá um sumarið, og fór svo að lokum, að verksalar hurfu endanlega frá verki 15. ágúst 1989.

Stefndu hafa ekki sýnt fram á, að áfrýjandi hafi við þessar breytingar á tímaáætlun verksamnings skuldbundið sig til þess að skila verkinu á sérstaklega ákveðnum tíma að viðlögðum dagsektum þeim, sem í samningnum greinir. Ekki er leitt í ljós, að forsvarsmenn stefnda hafi, áður en mál þetta var höfðað, tilkynnt viðsejendunum ákvörðun sína um að krefja þá um dagsektir frá ákveðnum tíma. Verður ekki séð, að stefndu hafi krafið áfrýjanda um greiðslu samkvæmt févítisákvæði verksamningsins fyrr en í greinargerð sinni til héraðsdóms, þar sem krafan er sett fram sem skuldajafnaðarkrafa. Var þó ærin ástæða til vegna þess, hve háar dagsektirnar voru ákveðnar í verksamningi. Verður ekki talið, að stefndu geti eftir á borið fyrir sig févítisákvæði þetta eftir efni þess, á þann hátt, sem þeir gera í máli þessu. En þar sem áfrýjanda var ætíð vel kunnugt um ákvæðið og margrætt var þeirra í milli um dagsektir vegna tafanna og þar sem bersýnilegur dráttur varð á verkinu og verksalar fóru frá því óloknu, þykir rétt að taka skuldajafnaðarkröfu stefndu til greina með þeim hætti, að verklaun áfrýjanda verði

lækkuð að álitum sem nemi 1.000.000 króna. Verður 1. kröfuliður áfrýjanda lækkaður sem þessu nemur og tekinn til greina með 5.462.253 krónum. 3. kröfuliður, söluskattur, telst því nema 1.860.330 krónum. Verður krafa áfrýjanda því tekin til greina með 4.432.862 krónum (þ. e. $5.462.253 + 1.979.065 + 1.860.330 - 4.868.786$) ásamt dráttarvöxtum af þessari fjárhæð að frádregnum söluskattinum frá þingfestingardegi héraðsstefnu 17. janúar 1990 til greiðsludags.

Rétt þykir að staðfesta málskostnaðarákvæði héraðsdóms, en að stefndi greiði áfrýjanda 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, að því er varðar sýknu stefndu Árna Möller, Guðmundar Baldurssonar, Guðmundar Ingvarssonar, Jóns Hólm Stefánssonar og Þorsteins Gunnarssonar persónulega af kröfum áfrýjanda, Plasmótunar hf.

Stefndi Austurveita greiði áfrýjanda 4.432.862 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af 2.572.532 krónum frá 17. janúar 1990 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Stefndi Austurveita greiði áfrýjanda 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Árnassýslu 12. október 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. f.m., er höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, birtri 6. janúar 1990, af Björgvini Þorsteinssyni hæstaréttarlögmanni f.h. Plasmótunar hf., Læk, Ölfushreppi, á hendur Jóni Hólm Stefánssyni, Gljúfri, Árna Möller, Þórustöðum, Guðmundi Ingvarssyni, Akurgerði, Þorsteini Gunnarssyni, Kotströnd, og Guðmundi Baldurssyni, Kirkjuferju, öllum í Ölfushreppi, Árnassýslu, persónulega og f.h. Austurveitu, Gljúfri, Ölfushreppi, in solidum til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 6.016.983,00 með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 2.525.786,00 frá 1. október 1988 til 24. s.m., af kr. 2.325.786,00 frá þeim degi til 29. nóvember s.á., en af kr. 971.331,00 frá

þeim degi til 20. desember s.á., en af kr. 471.331,00 frá þeim degi til 15. janúar 1989, en af kr. 6.016.983,00 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, og beri málskostnaðarfjárhæðin dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppkvaðningu til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 150.000,00, sem greiddar voru inn á skuldina 23. febrúar 1989.

Stefndu krefjast þess aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða þeim málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ. Til vara krefjast stefndu þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður felldur niður.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Við aðalmeðferð máls þessa gáfu skýrslur fyrir dómi Jón E. Hjartarson, framkvæmdastjóri Plasmótunar hf., stefndu, Jón Hólm Stefánsson, Árni Möller, Guðmundur Ingvarsson og Guðmundur Baldursson, Guðmundur Karl Guðjónsson tæknifræðingur, Sigurgeir Bjarnason pípulagningamaður, Páll Auðar Þorláksson bóndi og Gunnar Hrafn Jónsson vélstjóri.

II.

Mál þetta var upphaflega dómtekið 28. júní 1990. Það var síðan endurupptekið 7. f.m., þar sem dómaranum hafði eigi tekist sökum embættisanna og sumarleyfis að ljúka dómi á málið innan lögmæltra tímamarka. Þann dag var málið dómtekið að nýju að undangengnum munnlegum málflutningi.

III.

Málavextir eru þeir, að þann 20. júní 1988 var undirritaður verksamningur á milli stefnanda og Pípna sf. annars vegar sem verksala og Austurveitu hins vegar sem verkkaupa, þar sem verksalar tóku að sér framleiðslu og samsetningu á einangruðum hitaveiturörum með hlífðarkápu auk allrar sérhæfðrar suðuvinnu við einangrun og samsetningar í lagnastæði. Í samningnum segir m.a.: „Undirritaðir, annars vegar Pípur sf., nnr. 7123-1976, Smiðjuvegi 16, Kópavogi, og Plasmótun hf., Læk í Ölfusi, sem verksalar og hins vegar Austurveita í Ölfusi sem verkkaupi, gera með sér svofelldan samning:

1. gr.

Verksalar taka að sér framleiðslu og samsetningu á polyureþaneinangruðum plaströrum úr polypropylene með hlífðarkápu úr polyethylene auk allrar sérhæfðrar suðuvinnu við einangrun og samsetningar í lagnastæði samkvæmt meðfylgjandi lista:

HITARÖR:

vatnsrör	kápa	lengd	verð án ssk.	verð samtals
Dy/t	Dy			
mm	mm	m	pr. m	kr.
140×12,8	225	3.300	1.557,00	5.138.100,00
110×10,0	200	250	1.229,00	307.250,00
90×8,2	160	5.700	826,00	4.708.200,00
63×5,8	140	2.400	619,00	1.485.600,00
50×4,6	110	1.750	420,00	735.000,00
40×3,7	110	3.900	372,00	1.450.800,00
32×3,0	90	2.600	252,00	655.200,00
Alls kr.				14.480.150,00

Í listanum kemur fram: – – –

a) Polypropylene-rör framleiðist úr Vestolen P-9422 frá HULS í V.-Þýska-landi.

– – –

e) Innifalið í verði er allt efni, sem þarf til að koma rörunum í fulleinangraðar og samsettar lengjur í lagnastæði, en greinstykki og aukasuður greiðast samkvæmt einingaverðlista Pípna sf., sem fylgir samningi þessum.

f) Öll tæki og vélar, sem sérhæfðar eru til suðuvinnu, s. s. suðuvélar, pressur, hefla, rafstöðvar o. fl., leggjur verksali til svo og einn suðumann með hverri suðuvél. Önnur tæki og mannafla, er þarf við suðuvinnu í lagnastæði, leggjur verkkaupi til og kostar.

2. gr.

Afhending fulleinangraðra röra fari fram að Læk í Ölfusi á vagna, sem verkkaupi lætur í té, samkvæmt eftirfarandi tímasetningum:

25. júlí	1988	32 mm	2.600 m
1. ágúst	1988	40 mm	3.900 m
8. ágúst	1988	50 mm	1.750 m
15. ágúst	1988	63 mm	2.400 m
27. ágúst	1988	90 mm	5.700 m
30. ágúst	1988	110 mm	250 m
15. sept.	1988	140 mm	3.300 m

Afhendingartímar miðast við að eftirfarandi dagsetningar á hráefni í skip standist:

13. júní	1988	PP	14. júní	1988	PEH
21. júní	1988	PP	24. júlí	1988	PEH
1. júlí	1988	PP			

Verksalar tilkynni verkkaupa tafarlaust skriflega, ef dráttur verður á afhendingu hráefna.

Suðuvinna fari fram:

1. ágúst til	8. ágúst 1988	32 mm
8. ágúst til	15. ágúst 1988	40 mm
15. ágúst til	27. ágúst 1988	50 mm
27. ágúst til	30. ágúst 1988	63 mm
30. ágúst til	25. sept. 1988	90, 110 og 140 mm.

Dagsektir reiknast 1% af samningsupphæð fyrir hvern almanaksdag, sem skilafrestur verksins dregst fram yfir lokadag, sem ákveðinn er 1. okt. 1988.

3. gr.

Fyrir framangreint verk greiðir verktaki verksölum:

- 15% samningsupphæðar við undirritun samnings,
- eftir því sem verki miðar, 1. og 15. dag hvers mánaðar upphæðir þær sem tilgreindar eru í listanum, með verðbreytingum, sem taka mið af sölugengi danskrar krónu, eins og það er á hverjum tíma, og miðast við gengi hennar 1. júní 1988 (6,6946) að frádregnum 15%, sbr. lið a.

Verkið telst greiðsluhæft:

- samkvæmt framangreindum lista að 38,335 prósentum, þegar fullleinangraðar pípur eru tilbúnar til afhendingar, og greiðist sú upphæð Plastmótun hf.,
- samkvæmt framangreindum lista að 61,665 prósentum við afhendingu fullleinangraðra röra, þó þannig að 10% hverrar greiðslu heldur verkkaupi eftir fram yfir lokaúttekt.

Þessar greiðslur renna til Pípna sf. Endanlegt uppgjör miðast við eininga-verð og samanlagða lengd í hverri stærð, eins og hún mælist í verklok. Greiðslur fyrir greinstykki og suður, sbr. gr. 1, lið e í samningi þessum, greiðist Pípum sf. óskipt.

Samningurinn skuldbindur verksala óskipt (in solidum).“

Undir samninginn rita f.h. verkkaupa, Austurveitu, stefndu, Jón Hólm Stefánsson, Árni Möller, Guðmundur Ingvarsson, Þorsteinn Gunnarsson og Guðmundur Baldursson.

Eins og fram hefur komið áttu heildargreiðslur til verksala að nema kr. 14.480.150,00 miðað við gengi danskrar krónu þann 1. júní 1988 og þær magntölur sem fyrir lágu við samningsgerð. Í samningnum er tilgreint með hvaða hætti því fjármagni skyldi skipt á milli Pípna sf. og Plasmótunar hf. Þann 15. febrúar 1989 var síðan gert samkomulag milli aðila verksamningsins vegna efnisúttekta Pípna sf. hjá Plasmótun hf. vegna verksins. Í þeim samningi segir m.a.: „Austurveita samþykkir að Pípur sf. megi taka út efni hjá Plasmótun hf. í nafni Austurveitu eða í eigin nafni fyrir allt að kr. 1.979.065 til þess að ljúka verki samkvæmt framangreindum verksamningi. Skuldbindur Austurveita sig til þess að greiða nefndar efnisúttektir til Plasmótunar hf. samkvæmt framlögðum reikningum, enda liggi ljóst fyrir um hvaða efni er að ræða og til hvers það hefur verið notað. Pípur sf. afsala sér sömu fjárhæð (og nemur framangreindri efnisúttekt vegna verksamningsins) af þeim greiðslum sem Pípur sf. telja sig eiga inni hjá Austurveitu vegna framkvæmda samkvæmt verksamningnum á því tímabili sem efnið er tekið út á.“ Fram kemur í greinargerð stefndu, að lögmenn verksala hafi lagt til að framangreint samkomulag yrði gert þar sem fjárhagsstaða Pípna sf. hafi verið orðin mjög slæm og gjaldþrot verið fyrirsjáanlegt.

Verki því, sem hér um ræðir, átti samkvæmt verksamningi að vera lokið 1. október 1988 miðað við að áætlanir um afhendingu á erlendu hráefni stæðust. Af hálfu stefnanda er því haldið fram að verulegar tafir hafi orðið á afhendingu hráefnisins og því hafi framleiðsla röra seinkað sem því nam. Þá hafi einnig orðið mikil aukning á magntölum, rúmlega 20%, og hafi aukningin verið að koma fram allt þar til í byrjun janúar 1989.

Stefnandi telur að verulegar vanefndir hafi orðið af hálfu stefndu hvað varðar greiðslur fyrir verkið og þegar verkþætti stefnanda lauk hafi stefndu skuldað honum kr. 6.016.983,00 sem er stefnufjárhæðin í máli þessu. Inn á þá skuld hafi stefndu einungis greitt kr. 150.000,00. Hafi þeir lýst því yfir að þeir telji sig ekki eiga að greiða meira vegna vanefnda stefnanda og Pípna sf.

Af gögnum málsins verður ráðið, að heildarkostnaður þess verkþáttar, sem stefnandi annaðist, hafi numið kr. 10.662.481,-. Inn á þá kröfu hafi Austurveita greitt kr. 4.645.498,- miðað við 20. desember 1988. Greiðsla í

peningum hafi numið kr. 2.807.645,-. Þá hafi stefndi afhent stefnanda þrjá víxla samtals að nafnvirði kr. 1.911.061,- en andvirði þeirra er af hálfu stefnanda metið á kr. 1.837.853,-. Mismunur heildarkostnaðar og andvirðis innborgana er þannig 10.662.481 – 4.718.706 (2.807.645 + 1.911.061) = 5.943.695,-. Mismunur heildarkostnaðar og andvirðis innborgana að mati stefnanda er hins vegar stefnufjárhæð málsins, þ.e. 10.662.481 – 4.645.498 (2.807.654 + 1.837.853) = 6.016.983,-.

Samkvæmt þessu verður að sundurliða stefnukröfu málsins með eftirfarandi hætti:

1. Efnisúttekt utan samninga	kr.	46.994,-
2. Efnisúttekt Pípna skv. samningi 15. febrúar 1989	–	2.020.737,-
3. Söluskattur	–	2.132.497,-
	Samtals kr.	4.200.228,-
4. Ógreitt skv. verksamningi 6.016.983 – 4.200.228 = 1.816.755	–	1.816.755,-
	Samtals kr.	6.016.983,-

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að þrátt fyrir ítrekaðar innheimtu-tilraunir hafi stefndu ekki fengist til að gera upp við stefnanda og borið því við að stefnandi beri ábyrgð á drætti á lokum verksins og að beita eigi ákvæðum verksamningsins um dagsektir sem leiði til þess að um frekari greiðslur verði ekki að ræða af hálfu Austurveitu. Stefnandi telur sig hins vegar enga ábyrgð bera á töfum sem á verkinu urðu.

Í fyrsta lagi hafi verkinu seinkað vegna tafa á afhendingu á erlendu hráefni en gert hafi verið ráð fyrir því í samningi, að svo gæti farið. Í greinargerð sinni hefur stefnandi lýst þessum drætti með eftirfarandi hætti: „Polypropylene frá HULS: Áætlað var í samningi að efnið yrði afgreitt í þrennu lagi dagana 13. og 21. júní og 1. júlí en endanlegur afgreiðslutími var 24. júní, 28. júlí, 29. nóvember og 8. desember. Polyetylene frá Felixstowe: Áætlað var í samningi, að efnið yrði afgreitt í skip 14. og 24. júní, en endanleg afgreiðsla varð 25. júní, 22. júlí og 13. október.“

Í öðru lagi hafi verið um verulega magnaukningu að ræða, rúmlega 20%. Framleiðsla á rörum hafi hafist 13. júlí 1988, og 14. s. m. hafi verið beðið um staðfestingu á magntölum. Sú staðfesting hafi síðan ekki fengist fyrr en 2. ágúst 1988. Samkvæmt þeim magntölum hafi aukning frá samningi verið 9% en endanlegar magntölur hefðu síðan breyst allt fram í byrjun janúar 1989 og nemi heildaraukning 20%.

Í þriðja lagi hafi verið um verulegan greiðsludrátt að ræða af hálfu

Austurveitu, bæði til stefnanda og Pípna sf., sem réttlætt hefðu verktafir af hálfu Pípna sf. við suðuvinnu. Ekki hafi verið staðið við greiðslur til Pípna og hafi það leitt til þess að fyrirtækið lauk ekki við sinn verkþátt.

Ákvæði umrædds verksamnings um solidaríska ábyrgð verksala telur stefnandi marklaust. Plastmótun hf. og Pípur sf. hafi gert tilboð í verkið hvor í sínu lagi, annars vegar Plastmótun hf. í framleiðslu röra og hins vegar Pípur sf. í samsetningu þeirra. Í hagræðingarskyni hafi hins vegar verið gerður einn samningur í stað tveggja. Plastmótun hf. hafi aldrei tekið á sig ábyrgð á suðuvinnu. Þetta hefðu allir vitað sem að samningnum stóðu. Fyrirsvarsmenn stefnanda hafi enga grein gert sér fyrir því hvað fólst í samningsákvæðinu um in solidum ábyrgð verksala og því sé ákvæðið marklaust.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því að hann hafi að öllu leyti staðið við sinn hluta samningsins og því beri stefndu að gera slíkt hið sama og inna sínar skyldur af hendi með greiðslur til stefnanda, sem séu í verksamningi nákvæmlega aðgreindar frá greiðslum til Pípna sf.

Stefnandi vísar til almennra reglna kröfuréttar svo og ákvæða samningalaga nr. 7/1936 kröfum sínum til stuðnings.

IV.

Aðdragandi umrædds verksamnings er að mati stefndu sá, að Pípur sf. og Plastmótun hf. gerðu tilboð í verk það, sem hér um ræðir, 15. og 19. apríl 1988. Forráðamenn fyrirtækjanna, Sigurgeir Bjarnason og Jón Hjartarson, hafi ráðið því í samráði við starfsmenn Verkfræðistofu Suðurlands, sem gert hafi drög að verksamningi, að þeir áttu sameiginlega aðild að samningnum og báru in solidum ábyrgð á skuldbindingum samkvæmt honum. Í umræðu um það atriði hefðu verið fyrir hendi tveir kostir, annars vegar að Austurveita gerði verksamning við Pípur sf., sem síðan gerði samning við Plastmótun hf. sem undirverktaka, eða hins vegar að gerður yrði samningur við fyrirtækin sameiginlega. Forráðamenn Pípna og Plastmótunar hafi valið síðari kostinn.

Í öllum þeim umræðum, sem fram hefðu farið fyrir og við samningsgerðina, hafi verið lögð á það áhersla af hálfu forsvarsmanna Austurveitu, að verkinu yrði lokið eigi síðar en 1. október 1988. Jafnoft hafi því verið lýst yfir af hálfu Sigurgeirs Bjarnasonar og Jóns Hjartarsonar fyrir hönd verksala, að engin vandkvæði yrðu á því að uppfylla þær kröfur.

Samkvæmt verksamningnum skyldi afhending fullainangraðra röra fara fram að Læk í Ölfusi. Afhendingartímar skyldu miðast við dagsetningar á hráefni í skip. Skyldu verksalar tilkynna verkkaupa, Austurveitu, tafarlaust skriflega ef dráttur yrði á afhendingu hráefnis. Verulegur dráttur hafi síðan

orðið á afhendingu röra miðað við ákvæði samnings. Fyrstu rörin, sem afhenda átti 25. júlí 1988, hafi verið afhent 26. ágúst 1988 og aðrar samningsbundnar dagsetningar hafi ekki staðist. Þá hafi stefnandi ekki tilkynnt verkkaupa skriflega um drátt á afhendingu hráfnis þrátt fyrir skýrt samningsákvæði þar um. Vitneskja verkkaupa um þetta hafi fyrst komið fram í bókun verkfundar 5. október 1988. Þá hafi suðuvinna átt að fara fram á tilteknum tímabilum frá 1. ágúst til 25. september 1988. Að sögn stefndu hófst suðuvinna hins vegar ekki fyrr en 21. september, þegar aðeins 9 dagar voru eftir að umsömdum verktíma.

Að því er dagsektir varðar er til þess vísað af hálfu stefndu, að ákvæði um dagsektir og tiltekinn lokadag hafi verið sett í verksamninginn til þess að tryggja, að verkinu yrði lokið áður en vetur gengi í garð. Þetta hafi verið aðalforsenda þess að verkkaupar réðust í framkvæmdir. Mikilvægi þessarar forsendu hafi byggt annars vegar á því, að veruleg vandkvæði væru á að vinna verkið að vetrarlagi, og hins vegar á því, að félagsmenn Austurveitu hafi reiknað með verulegum sparnaði af því að nýta hitaveituna í stað þess að kaupa rafmagn til húshitunar. Mismuninn, sem þannig sparaðist, hafi þeir ætlað að nota til að standa straum af kostnaði við hitaveituframkvæmdir.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að þegar 1. október 1988 rann upp, hafi verið ljóst, að verulegar vanefndir yrðu á verksamningnum af hálfu verksala. Forráðamenn verksala, þeir Sigurgeir Bjarnason og Jón Hjartarson, hefðu hins vegar lýst því yfir við tvo stjórnarmenn í Austurveitu í byrjun október 1988, að ljúka mætti verkinu á skömmum tíma með fjölgun suðuvéla og auknum fjölda starfsmanna. Raunin hafi hins vegar orðið sú, að verksalar hafi ekki sett þann kraft í verkið sem þeir höfðu lofað svo sem greinilega megi sjá af bókunum í vinnudagbók.

Í greinargerð sinni vísa stefndu til verkfunda sem haldnir voru 5. október og 8. og 13. nóvember 1988. Á verkfundi þann 5. október hafi Sigurgeir Bjarnason framvísað áætlun um verktíma fyrir verkþátt Pípna sf. Samkvæmt þeirri áætlun hafi verið gert ráð fyrir að ljúka suðuvinnu á 16 eða 17 dögum og öllu verkinu á u.þ.b. 22 dögum. Á verkfundi 8. nóvember hafi legið ljóst fyrir að áætlun um verktíma frá 8. október hafði ekki staðist. Á verkfundi 13. nóvember hafi Sigurgeir Bjarnason lagt fram endurskoðaða verkáætlun, dags. 12. nóvember 1988, þar sem gert var ráð fyrir að ljúka verkinu fyrir lok desember. Sú áætlun hefði ekki heldur staðist. Samningsaðilar hafi síðan haldið með sér fund þann 20. janúar 1989. Á þeim fundi hafi verið lögð á það áhersla af hálfu verkkaupa, að verkinu yrði lokið sem fyrst. Verksalar hafi ekkert talið því til fyrirstöðu að verkinu yrði lokið á

um það bil tveimur vikum. Hafi verið gerð grein fyrir enn einni verkáætlun. Samkomulag hafi orðið um það á þessum fundi að fresta umræðum um frekari greiðslur frá verkkaupa og um kröfur verkkaupa um greiðslu dagsekta, þar til verkinu væri lokið. Síðan hafi verið haldnir tveir fundir um málið.

Í niðurlag málavaxtalýsingar í greinargerð stefndu segir: „Prátt fyrir yfirlýsingar sínar luku verksalar ekki verkinu og leið svo veturinn og fram á vor. Verksalar héldu þá enn að sér höndum. Fór svo að í ágúst 1989 fengu verkkaupar aðra menn til þess að ljúka verkinu enda þótti þeim það slæmur kostur að ekki tækist að ljúka verkinu áður en vetur gengi í garð á ný.“

Stefndu benda á, að Austurveita sé verkkaupi samkvæmt margnefndum verksamningi. Stefndu Jón Hólm Stefánsson, Árni Möller, Guðmundur Ingvarsson, Þorsteinn Gunnarsson og Guðmundur Baldursson eigi ekki aðild að málinu og beri því að sýkna þá af dómkröfum stefnanda.

Stefndu mótmæla þeirri fullyrðingu stefnanda, að hann beri ekki ábyrgð á töfum verksins. Í fyrsta lagi hafi hann með samningnum tekið á sig ábyrgð á verkinu in solidum ásamt Pípum sf. Þegar af þeirri ástæðu beri hann ábyrgð á vanefndum samningsins og seinkun verksins í heild, en ekki eingöngu að því er varðar sök hans sjálfs. Í öðru lagi hafi stefnandi ekki sýnt fram á að framleiðsla og afhending efnis hafi dregist af ástæðum sem hann beri ekki ábyrgð á. Í þriðja lagi hafi verið gert ráð fyrir magnaukningu í verksamningnum. Magnaukningin hafi verið um 15%, en ekki 20%. Í fjórða lagi sé ljóst, að óverulegur greiðsludráttur af hálfu verkkaupa, Austurveitu, eftir að verkinu átti að vera lokið samkvæmt verksamningi, hafi engin áhrif haft á möguleika eða skyldu verksala til þess að ljúka verkinu.

Að mati stefndu er ljóst, að dráttur á afhendingu röra og lítil afköst við suðu og samsetningu röra hafi valdið því, að verksalar skiluðu ekki umsömdu verki á réttum tíma. Á þessum vanefndum beri verksalar, Pípur sf. og Plastmótun hf., óskipta ábyrgð.

Þá sé til þess að líta, að með því að taka að sér framleiðslu plaströrranna og ábyrgð á því að samsetningu þeirra yrði lokið á tilsettum tíma, hafi stefnandi skuldbundið sig til þess að sjá um, að nægilegt hráefni yrði fyrir hendi til framleiðslunnar. Telja stefndu að í því sambandi hafi stefnandi alls ekki sýnt nægilega fyrirhyggju. Er í því sambandi vísað til lýsingar Björns Ástmundssonar forstjóra á dskj. nr. 35. Stefnandi hafi hins vegar fullvissað forsvarsmenn Austurveitu margsinnis um, bæði fyrir og eftir undirritun verksamnings, að engin vandkvæði yrðu á því að fá efni og afhenda rörin á umsömdum tíma. Við undirritun samnings þann 20. júní 1988 hafi þetta einnig verið sérstaklega áréttað af Jóni Hjartarsyni í ljósi þess, að fyrsta afgreiðsla hráefnis í skip hafði þegar farið fram.

Stefndu telja að stefnandi geti ekki, löngu eftir að verkinu átti að vera að fullu lokið, borið því við, að seinkun hafi orðið á afhendingu efnis af ástæðum sem hann telji sig ekki bera ábyrgð á. Stefndu telja enn fremur, að framleiðsla röra hafi verið komin svo langt í nóvember og byrjun desember 1988, að ljúka hefði mátt verkinu að mestu fyrir lok desember 1988. Næglegur kraftur hafi hins vegar ekki verið settur í verkið þá af hálfu Pípna sf., enda hefðu starfsmenn fyrirtækisins þá verið bundnir við störf fyrir aðra að eigin sögn.

Með vísan til framanritaðs telja stefndu, að Austurveita eigi rétt til greiðslu dagsekta úr hendi stefnanda vegna vanefnda sem urðu og verk-salar, Pípur sf. og Plasmótun hf., beri óskipta ábyrgð á. Gera stefndu kröfu til þess, að dagsektakröfu samkvæmt 2. gr. verksamnings verði skuldajafnað við kröfur stefnanda í málinu, enda fullnægja kröfurnar að þeirra mati skil-yrðum kröfuréttar um skuldajöfnuð.

Enn fremur gera stefndu eftirfarandi athugasemdir við kröfugerð stefn-anda:

1. Stefndu hefur ekki lagt fram sundurliðaðan reikning fyrir kröfum sín-um og ekki hefur farið fram úttekt á því hversu mikið efnismagn hafi farið frá stefnanda í hitaveitulögnina. Samkvæmt 2. gr. verksamnings skyldi upp-gjör miðast við samanlagða lengd í hverri stærð eins og hún mældist í verk-lok. Kröfu stefnanda mótmæla stefndu því í heild sem órökstuddri.

2. Stefndu sýnist byggja stefnukröfu sína á greiðslufirli sem hann hefur lagt fram í málinu. Á yfirlitinu er ógreidd samningsfjárhæð sögð vera 3.714.563,- og söluskattur kr. 2.132.497,- eða samtals kr. 5.847.060,- en ekki 6.016.983,-.

3. Austurveita innti af hendi greiðslur til stefnanda samkvæmt greiðslufir-liti sem unnið var af Verkfræðistofu Suðurlands, og var samkomulag um að sá háttur skyldi á hafður og verðbætur reiknaðar þegar reikningur yrði lagður fram í lok verksins. Hluti greiðslu var inntur af hendi með víxlum. Fjárhæð þeirra var í samræmi við yfirlit eða útreikning verkfræðistofunnar og enginn fyrirvari var gerður af hálfu stefnanda um vexti af víxlunum. Stefndu tók við þeim sem greiðslu athugasemdalaust.

4. Liður í stefnukröfu stefnanda er svonefnd efnisúttekt utan samninga þann 14. nóvember 1988, kr. 46.994,-. Stefndu mótmæla þessum kröfulið sem órökstuddum.

5. Þá er liður í stefnukröfu svonefnd efnisúttekt Pípna sf. hjá stefnanda,

sem greiða átti 1. október 1988, kr. 903.821,- og þann 15. janúar 1989, kr. 1.116.916,-. Stefnandi kveður Austurveitu hafa lofað að greiða stefnanda þessar fjárhæðir. Hér mun vera vísað til samkomulags frá 15. febrúar 1989, þar sem Austurveita samþykkir að Pípur sf. megi taka út efni hjá Plastmótun hf. í nafni Austurveitu eða í eigin nafni fyrir allt að kr. 1.979.065,- til þess að ljúka verki samkvæmt verksamningnum. Þegar samkomulagið var gert höfðu verksalar lýst því yfir að verkinu yrði lokið fljótlega. Þeirri yfirlýsingu treystu forráðamenn Austurveitu. Lögmenn verksala lögðu til að samkomulagið yrði gert þar sem fjárhagsstaða Pípnna sf. var orðin mjög slæm og gjaldþrot blasti við. Plastmótun hf. þótti því slæmur kostur að lána Pípum sf. efni. Pípur sf. þurftu að fá efnið til þess að ljúka verkinu. Til þess að greiða fyrir því, að verkinu yrði lokið, gerði Austurveita samkomulagið. Verksalar luku ekki verkinu og því hefur samkomulagið ekkert gildi. Verklök voru forsenda samkomulagsins samkvæmt efni þess. Stefndu mótmæla því kröfu stefnanda samkvæmt þessum lið.

6. Söluskattsfjárhæð, kr. 2.132.497,- sem fram kemur á greiðsluyfirliti, er tölulega mótmælt með sömu rökum og hér að framan er lýst varðandi höfuðstólsfjárhæðir þær sem söluskatturinn er lagður á.

Með hliðsjón af framangreindum mótmælum og athugasemdum yrði skuld við stefnanda kr. 1.593.547,-.

V.

Tölulegur grundvöllur máls þessa er mjög óskýr. Þannig er nokkurt misræmi á milli sundurliðunar á fjárhæðum í stefnu og einstakra málsgagna sem stefnandi sýnist byggja dómröfur sínar á. Misræmi þetta hefur að nokkru leyti verið skýrt við meðferð málsins hér fyrir dómi. Af þeim skýringum og með samanburði málsgagna verður eftirfarandi ráðið:

1) Heildarkrafa stefnanda vegna þess verkþáttar, er hann annaðist, nemur kr. 10.662.481,-. Greiðslur til stefnanda fram til 23. febrúar 1989 nema að hans mati kr. 4.645.498,- og er mismunur þessara fjárhæða stefnufjárhæð málsins. Á yfirliti á dskj. nr. 7, en við tilgreiningu kröfufjárhæða í stefnu hefur stefnandi stuðst við það málskjal, kemur fram, að ógreidd samningsfjárhæð auk efnisúttekta nemi kr. 3.714.563,-. Að viðbættum söluskatti, kr. 2.132.497,-, nemur skuld stefnda samkvæmt yfirlitinu kr. 5.847.060,-. Framangreindur mismunur á stefnufjárhæð og skuld samkvæmt yfirliti á dskj. nr. 7 skýrist að hluta til með því, að víxill að fjárhæð kr. 1.011.708,-, sem stefndu afhentu stefnanda þann 27. september 1988, er að andvirði metinn til sömu fjárhæðar á yfirlitinu, en í sérstöku skjali, sem stefnandi lagði fram til skýringar á stefnukröfu sinni, er andvirði víxilsins metið á kr. 991.785,-. Að öðru leyti skýrist umræddur mismunur með því, að innborgun þann 23.

febrúar 1989 kemur til lækkunar á ógreiddri samningsfjárhæð samkvæmt yfirlitinu, en dómkrafa stefnanda er miðuð við stöðu skuldarinnar fyrir þá innborgun. Tölulega má skýra þetta með eftirfarandi hætti: $6.016.983 - (1.011.708 - 991.785) - 150.000 = 5.847.060$.

2) Í málinu hafa verið lagðir fram útreikningar, sem sýna, hverjar fjárhæðir Austurveitu bar að inna af hendi til stefnanda vegna einstakra greiðsluáfangar. Útreikningar þessir eru gerðir af Verkfræðistofu Suðurlands. Þar kemur m.a. fram, að þann 2. september 1988 skyldi Austurveita greiða stefnanda kr. 751.378,- þann 16. s.m. kr. 1.011.708,- þann 3. október sama ár kr. 1.622.975,- þann 6. janúar 1989 kr. 1.983.813,- og þann 19. s.m. kr. 227.880,-. Í stefnu segir hins vegar að samkvæmt útreikningum, sem gerðir hafi verið, hafi veitunni borið að greiða stefnanda kr. 728.551,- þann 2. september 1988, kr. 982.853,- þann 16. s.m., kr. 1.621.965,- þann 3. október 1988 og kr. 2.296.239,- þann 6. janúar 1989. Af þessum sökum er samningsfjárhæð samkvæmt stefnu og yfirliti á dskj. nr. 7 sögð vera kr. 6.462.253,- en hliðstæð tala samkvæmt útreikningi Verkfræðistofu Suðurlands nemur kr. 6.430.399,-. Framangreint ósamræmi í kröfuútlitun stefnanda hefur ekki verið skýrt af hans hálfu. Þá er til þess að líta, að innborganir Austurveitu fram til 6. janúar 1989 eru í samræmi við þá útreikninga sem verkfræðistofan hafði gert fram til þess tíma.

VI.

Þann 8. ágúst 1988 gerðu ábúendur og/eða eigendur nánar tiltekinna fasteigna í austanverðum Ölfushreppi í Árnessýslu með sér samning um nýtingu jarðhitaréttinda í landi Gljúfurárholts í Ölfusi. Í 2. gr. samningsins segir m.a.: „Hver ofangreind fasteign ber 1/34 hluta stofnkostnaðar við virkjun og hitaveitu heim að hverju býli . . .“ Stefndu Jón Hólm Stefánsson, Árni Möller, Guðmundur Ingvarsson, Þorsteinn Gunnarsson og Guðmundur Baldursson undirrituðu nefndan samning ásamt 24 öðrum einstaklingum. Í samræmi við 5. gr. samningsins stofnuðu samningsaðilar með sér hitaveitufélag sem samkvæmt samþykktum þess fékk nafnið Austurveita. Upplýst er að félagið er óskráð.

Aðilar að verksamningi þeim, sem um er deilt í málinu, eru Austurveita sem verkkaupi annars vegar og Pípur sf. og Plastmótun hf. sem verksalar hins vegar. Undir samninginn, sem er dagsettur 20. júní 1988, rita fyrir hönd verkkaupa fimm ofangreindir einstaklingar.

Verk það, sem stefnandi tók að sér að vinna með framangreindum verksamningi, var liður í þeirri heildarframkvæmd að leggja hitaveitu að þeim bæjum sem tilgreindir eru m.a. í stofnsamningi um Austurveitu frá 8. ágúst 1988. Fyrirsvarsmönnum stefnanda mátti vera þetta ljóst. Verður ekki

talið, að stefnanda hafi verið rétt að líta svo á, að með undirritun sinni fyrir hönd verkkaupa væru stefndu að taka á sig ábyrgð in solidum á efndum samningsins gagnvart stefnanda. Ber þegar af þessari ástæðu að sýkna þá persónulega af dómkröfum stefnanda í málinu.

VII.

Eins og áður greinir má sundurliða dómkröfu stefnanda í máli þessu með eftirfarandi hætti:

1. Ógreitt skv. verksamningi	kr.	1.816.755,-
2. Efnisúttekt utan samninga	–	46.994,-
3. Efnisúttekt Pípna sf. skv. samningi		
15. febrúar 1989	–	2.020.737,-
4. Söluskattur af kr. 6.462.256,-	–	2.132.497,-
Samtals	kr.	6.016.983,-

Verður nú tekin afstaða til einstakra kröfuliða.

1. Samkvæmt útreikningum Verkfræðistofu Suðurlands, sem fram hafa verið lagðir í málinu, bar Austurveitu að greiða stefnanda vegna verksamnings miðað við 3. október 1988 kr. 4.218.706,-. Hluta þeirrar fjárhæðar greiddi Austurveita með þremur víxlum. Samanlögð fjárhæð víxlanna nemur kr. 1.911.061,- en andvirði þeirra er af hálfu stefnanda metið á kr. 1.837.853,-. Þegar til þess er lítið, að greiðslur Austurveitu til stefnanda miðað við nafnverð umræddra víxla eru í samræmi við útreikningana og að ekki verður séð að við móttöku víxlanna hafi af hálfu stefnanda verið gerður fyrirvari varðandi greiðslu að þessu leyti, ber að fallast á það með stefndu, að eigi verði nú höfð uppi krafa á hendur Austurveitu vegna umræddra víxla. Ber því að lækka kröfu stefnanda samkvæmt þessum lið um kr. 73.208,- (1.911.061 – 1.837.853). Þá er upplýst að Austurveita hafi greitt stefnanda kr. 150.000,- þann 23. febrúar 1989. Niðurstaðan að því er varðar þennan lið í kröfugerð stefnanda er því sú, að Austurveita hafi átt eftir að greiða stefnanda kr. 1.593.547,- (1.816.755 – 73.208 – 150.000) fyrir verk það, sem hann hafði leyst af höndum samkvæmt verksamningi að söluskatti frátöldum.

2. Þessi liður í kröfugerð stefnanda hefur ekki verið studdur fullnægjandi gögnum og ber að hafna honum gegn eindregnum mótmælum stefndu.

3. Samkvæmt samkomulagi verksala og verkkaupa frá 15. febrúar 1989 samþykkir verkkaupi, að Pípur sf. megi taka út efni hjá Plastmótun hf. í nafni verkkaupa „fyrir allt að kr. 1.979.065,- til þess að ljúka verki samkvæmt framangreindum verksamningi“, eins og segir í samkomulaginu.

Taka ber kröfu stefnanda samkvæmt þessum kröfulið til greina að þessu marki, enda hefur stefndu ekki tekist að sýna fram á, að það hafi verið forsenda samkomulagsins að umræddu verki yrði að fullu lokið.

4. Samkvæmt útreikningum Verkfræðistofu Suðurlands, sem áður er til vitnað, bar Austurveitu að greiða stefnanda kr. 6.430.399,- vegna verk-samnings. Taka ber kröfu stefnanda um söluskatt til greina með þeirri lækkun, sem leiðir af þessu, og því, sem greinir hér að framan varðandi úr-lausn á liðum nr. 2 og 3 í kröfugerð stefnanda. Samkvæmt þessu nemur skuld Austurveitu vegna söluskatts kr. 2.102.366,- $((6.430.399 \times 25\%) + (1.979.065 \times 25\%))$.

Miðað við þá lækkun, sem einstaka liðir í kröfugerð stefnanda hafa sætt samkvæmt framansögðu, nemur krafa stefnanda á hendur Austurveitu kr. 5.674.978,-. Ber að taka þá kröfu stefnanda til greina.

VIII.

Lokadagur þess verks, sem stefnandi tók að sér að vinna ásamt Pípum sf. með verksamningi þeim sem í málinu greinir, var samkvæmt 2. gr. verk-samningsins ákveðinn 1. október 1988. Upplýst er, að verksalar hurfu frá verkinu óloknu þann 15. ágúst 1989 og að því hafi verið lokið án atbeina þeirra í október sama ár. Samkvæmt skýru og ótvíræðu ákvæði verksam-nings bera stefnandi og Pípur sf. in solidum ábyrgð á samningsskyldum sín-um sem verksalar.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að verulegar tafir hafi orðið á af-hendingu hráefnis frá útlöndum. Því hafi framleiðslu á rorum seinkað, en í verksamningi sé tekið fram að verklok þann 1. október 1988 miðist við að áætlanir um afhendingu á hráefni standist. Það er mat dómsins, m.a. með hliðsjón af framburði Guðmundar Karls Guðjónssonar verkfræðings hér fyrir dómi, að stefnanda bresti sönnun fyrir því, að framangreindar ástæður hafi leitt til þess, að svo verulegur dráttur varð á framkvæmdum sem raun ber vitni. Er sérstaklega til þess að líta, að ekki verður séð að verksalar hafi tilkynnt verkkaupa skriflega eða á annan sannanlegan hátt um drátt á af-hendingu erlends hráefnis þrátt fyrir samningsákvæði þar um fyrr en eftir samningsbundinn lokadag. Þá hefur stefnandi ekki fært fullnægjandi sönnur á, að verktafir og það, að verksalar hurfu frá umræddu verki óloknu, megi rekja til dráttar á umsömdum greiðslum eða annarra vanefnda Austurveitu á samningsskyldum sínum.

Með vísan til framanritaðs þykja verksalar hafa vanefnt samning sinn við verkkaupa, Austurveitu, sem á því tilkall til þess, að stefnandi gjaldi honum dagsektir samkvæmt ákvæði í verksamningnum.

Eins og áður greinir hurfu verksalar frá umræddu verki óloknu þann 15.

ágúst 1989, en sá dagur er í dagsektakröfu stefndu tilgreindur sem lokadagur dagsektanna. Álitafni kann hins vegar að vera, hvern beri að telja upphafsdag þeirra. Með vísan til þess, að stefnandi telst ekki hafa réttlætt verulegar tafir á umræddu verki, og þegar litið er til dagsektaákvæðis verksamnings, þykja stefndu hafa sýnt nægilega fram á, að kröfur Austurveitu séu hærri en dómkröfur stefnanda, enda verður ekki séð að forsvarsmenn veitunnar hafi einhvern tíma fallið frá því að beita dagsektunum eða sýnt af sér slíkt tómlæti að það hafi gefið stefnanda ástæðu til að ætla að ekki yrði höfð uppi fjárkrafa vegna seinkunar á verkinu.

Fallast ber á kröfu stefndu um skuldajöfnuð. Af því leiðir, að stefndu eru sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Þorgeir Ingi Njálsson dómarafulltrúi. Dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Jón Hólm Stefánsson, Árni Möller, Guðmundur Ingvarsson, Þorsteinn Gunnarsson og Guðmundur Baldursson persónulega og f.h. Austurveitu, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Plastmótunar hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
